

## Stjórnháttaryfirlýsing

## ACRO verðbréf hf.

Stjórn ACRO verðbréfa hf. (hér eftir „félagið“) hefur ákvarðað eftirfarandi stefnu varðandi stjórnarhætti í samræmi við lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

ACRO verðbréf hf. fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnnum af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland, sem gefnar voru út í febrúar 2021 (6. útgáfa) auk þess að fylgja þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi fjármálafyrirtækja á hverjum og einum tíma sem nálgast má í heild sinni á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Fram kemur í leiðbeiningum frá Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland að stjórnendur hafi ákveðið svigrúm til að víkja frá einstökum atriðum þeirra og í þeim tilfellum skýra frá ástæðum frávika.

Vegna smæðar félagsins og samsetningu hluthafahópsins víkur félagið m.a. frá eftirfarandi atriðum í ofangreindum leiðbeiningum að hluta eða í heild:

- Lið 1.1 um að upplýsa skuli á heimasíðu félagsins um aðalfund þegar dagsetning og tímasetning hefur verið ákveðin og að upplýsa skuli um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins.
- Lið 1.4 um skipan og störf tilnefningarnarfndar en ekki þykir ástæða til að skipa í slíka nefnd hjá féluginu.
- Lið 2.8 um áhættustýringu og innra eftirlit enda hefur félagið fengið undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar og er þeirri starfsemi útvistað til óháðra sérfraðinga. Félagið fylgir því ekki öllu því sem tiltekið er í greininni. Stjórn félagsins ber eftir sem áður ábyrgð á innra eftirliti og skilar reglulega skýrslum til eftirlitsaðila.
- Lið 2.9 um samfélagslega ábyrgð og siðferði en stjórn félagsins hefur hvorki sett sér skrifleg viðmið um siðferði né stefnu um samfélagslega ábyrgð en félagið gefur þó árlega út sjálfbærniuppgjör sem unnið er eftir áhættu- og mikilvægisgreiningu.
- Lið 2.10 um samskipti við hluthafa en stjórn félagsins hefur ekki sett sér sérstakar reglur eða ferla um samskipti við hluthafa.
- Lið 3.1 um að fyrir liggi starfslýsing um störf og ábyrgð stjórnarformanns.
- Lið 5 um undirnefndir stjórnar og skipan þeirra en engar slíkar nefndir eru starfræktar hjá féluginu.
- Lið 6 um að félagið birti á heimasíðu sinni upplýsingar um hluthafafundi, fundargögn stjórnar og hluthafafunda, ársreikninga o.fl.

Stjórn félagsins er kjörin á aðalfundi í samræmi við samþykktir félagsins og eru 3 aðalmenn kosnir og 2 til vara. Stjórnarmenn skulu á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði

laga um fjármálafyrirtæki. Upplýsingar um stjórnarmenn félagsins má finna á heimasíðu félagsins.

Stjórn félagsins setur sér starfsreglur sem henni ber að fara eftir.

Í samþykktum félagsins er fjallað um hlutverk framkvæmdastjóra og helstu skyldur.

ACRO verðbréf hf. hafa ekki brotið nein lög eða reglur sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað.

Samþykkt af stjórn ACRO verðbréfa hf. þann 9. mars 2023